

Fundagerð

Þriðjudagurinn 31.október

Viðstaddir voru: Andri, Dalrós og Júlíana.

- Kláruðum að skrifa erindsbréf til sveitarstjórnar frá Ungmennaráðin um skólamatinn.
- Fyrsta mál á dagskrá var norrænu ungmennaráðs dagarnir sem eru núna í nóvember. Krakkarnir eru hvattir til að fara á netið og skoða málstofur og fleira í félagsmiðstöðinni sinni.
- Mikill áhugi er að fara á norræna ungmennaráðsþingið í Hörpu helgina 24.-26.nóvember.
- Ákveðið var að hafa opinn ungmennaráðsfund mánudaginn 20.nóvember í Leikskálum kl 17:00. Þar eru öllum unglingum sveitarfélagsins boðið að taka þátt og svara spurningum.
-
- 1. *Hvernig sjáum við samfélagið okkar?*
- 2. *Hvað getum við gert til að bæta andlega heilsu ungmenna?*
- 3. *Hvað getum við gert til að auka hreyfingu ungmenna í sveitarfélaginu?*

- Kristín ætlar að reyna að finna veitingar, pizzur.
- Hugmyndir komu upp að breyta sláturfélaginu í skatepark eða hjólapark.
- Önnur mál: Ungmenni vilja lækka aldur í líkamsrækt niður í 14 ár í stað 15 ár. Spurning hvort að hægt sé að fá Adam til að setja upp prógram eða kenna þeim á tækin. Kristín skoðar það.

Fundi slitið 11:55

Erindsbréf frá Ungmennaráðinu í Mýrdalshrepp

Komið þið sæl

Við höfum samband við þig fyrir hönd ungmennaráðs Mýrdalshrepps. Við viljum vekja athygli á skólamatnum. Skólamaturinn eins og hann er í dag uppfyllir ekki næringaráðleggingar frá Embætti landlæknis og viljum við vekja athygli ykkar á því. Maturinn er vondur og bragðlaus. Við höfum samband við ykkur vegna þess að okkur langar að hafa salatbar í skólanum til að auka fjölbreytni og valkost á mat. Börn þurfa á næringu að halda til að halda einbeitingu í skólanum og þurfa að borða meira grænmeti og ávexti. Við vorum að velta því fyrir okkur hvort að þið gætuð orðið við þessar tillögu um að bæta aðgengi að grænmeti með því að hafa salatbar í skólanum.

Fyrir hönd Ungmennráðs

Andri Berg Jóhannsson

Dalrós Guðnadóttir

Júlíana Líf Halldórsdóttir